



Íþróttahús á Höfn. Skoðun á staðsetningu íþróttamannvirkja við Heppuskóla. Tillaga A og C, yfirlit.

Almennt.

Í báðum tillögum er settur upp salur sem er 1350m² að stærð (45x30m að innanmáli) með áhorfendastúku sem tekur 300 manns í sæti. Svalir eru í sal við útvegg stúku sem stúkan dregst innundir þegar hún er ekki í notkun. Frí lofthæð í salnum er amk. 7m og hægt er að tvískipta salnum með skiptitjaldi sem síðan er dregið upp í burðarvirkið þegar það er ekki í notkun. Með þessu er gert ráð fyrri að hægt sé að vera með kennslu í hvorum helming fyrir sig eða æfingar í ólíkum íþróttagreinum. Geymslur eru aðgengilegar úr hvorum helming fyrir sig og gert verður ráð fyrir móttökueldhúsi við gaflvegg salarins þannig að hægt verði að nýta salinn til veisluhalds. Í báðum til tillögum er gert ráð fyrir tveimur pörum af búningssklefum auk aðstöðu fyrir kennara og þjálfara, einnig er gert ráð fyrir tækniými á annarri hæð við gaflvegg íþróttasalar. Þar er gert ráð fyrir loftræsisamstæðu fyrir sal, geymslur og búningsherbergi.

Eftirfarandi vellir eru teiknaðir inn í salinn:

Karfa;

- 1 stk. keppnisvöllur (15x28 / 19x34) langsöm eftir sal, stúka útdregin.
- 2 stk. æfingavellir (15x24) þvert á sal, stúka inndregin.
- 3 stk. minniboltavellir (14x22) þvert á sal, stúka inndregin.

Handbolti / bumbubolti;

- 1 stk. keppnisvöllur (20x40 / 23x44) langsöm eftir sal, stúka útdregin

Blak;

- 1 stk. keppnisvöllur langsöm eftir sal, stúka útdregin
- 3 stk. æfingavellir þvert á sal, stúka inndregin.

Badminton:

- 1 stk. keppnisvöllur langsöm eftir sal, stúka útdregin
- 4. stk. æfingavellir þvert á sal, stúka inndregin

Fimleikar;

Í báðum tillögum er gert ráð fyrir að núverandi íþróttasalur við Heppuskóla verði að öllu jöfnu aðstaða sett upp fyrir fimleika. Búnigsklefar í Heppuskóla verða endurgerðir og stækkaðir.

Útisvæði;

Gert er ráð fyrir því að við endurbætur á fótboltavelli þá verði sett gervigras á völinn og 6 brauta tartan hlaupabraut umhverfis hann.



Heppuskóli:

Í báðum tillögum er gert ráð fyrir viðbyggingu við Heppuskóla. Viðbyggingin er að grunnfleti um 700m² á þremur hæðum eða samtals um 2.100m² auk tengibyggingar á 2 hæð við núverandi skóla.

Líkamsrækt:

Í báðum tillögum er haldið opnum möguleikanum á að reisa líkamsræktarstöð og útiklefa við norð-vestur enda sundlaugarbyggingar og búningssklefar sundlaugar nýttir fyrir þá aðstöðu.

Tillaga A.

Tillagan gerir ráð fyrir því að útivöllur verði endurgerður á sama stað og hann er núna. Stakstætt íþróttahús með búningssklefum og öðrum stoðrymum verður reist miðsvæðis við völinn. Við suð-vestur langhlið salarins verður reist stúka sem rúma upb. 450 manns í sæti. Undir stúku verður geymslurými fyrir íþróttasal og útirými.

Tillaga C.

Tillagan byggir á því að reist verði sameiginlegt miðrymi sem tengir saman sundlaugina, líkamsræktina, nýjan íþróttasal og Heppuskóla. Í þessu nýja miðrymi verður sameiginleg afgreiðsla / vakt fyrir íþóttamiðstöðina í heild sinni. Einnig er gert ráð fyrir því að hægt verði að koma fyrir í þessari tengibyggingu nýrri innisundlaug, aðstöðu fyrir sjúkrapjálfa / nuddara, klifurvegg og kaffiaðstöðu fyrir gesti. Ný salurinn ásamt búnigherbergjum og stoðrymum verður því samtengur við núverandi byggingar Heppuskóla og sundlaugar. Til þess að koma fyrir nýju íþróttahúsi þá verður fótoltavöllurinn og hlaupabrautir færðar til suðurs um sem nemur 15m frá núverandi staðsetningu. Gera má ráð fyrir stakstæðri stúku fyrir miðjum velli og undir henni geymslurými fyrir útisvæðið.

Helstu stærðir.

Fótspor tillögu A er rúmlega 2.500m² með stúku.

Fótspor tillögu C er upb. 2.850m² þar til við bótan, sem sérstakur áfangi, er stúka með geymslum fyrir útisvæði sem er um 300m².

gbb.